



S I Ð A R E G L U R

kjörinna fulltrúa hjá Fjarðabyggð

1. grein - Markmið

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Fjarðabyggðar. Jafnframt að upplýsa íbúa um þær kröfur sem þeir geta gert til kjörinna fulltrúa. Með kjörnum fulltrúum er bæði átt við bæjarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum hjá Fjarðabyggð.

2. grein - Trúnaður

Kjörnir fulltrúar skulu gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, reglum eða eðli máls. Þeir skulu virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Fjarðabyggðar og um innihald skjala eða annarra gagna er þeir fá aðgang að starfs síns vegna og trúnaður skal ríkja um, enda byggi hann á lögmætum og málefnalegum rökum. Trúnað ber að halda áfram eftir að störfum lýkur.

3. grein - Gæsla almannahagsmuna

Kjörnir fulltrúar skulu gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi. Þeir skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum, samþykktum Fjarðabyggðar og sannfæringu sinni. Þeir skulu gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins, auk þess sem þeim ber að hafa í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu, m.a. um gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku og að lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Fjarðabyggðar. Kjörnir fulltrúar skulu líta á Fjarðabyggð sem eina heild og gæta hagsmuna allra bæjarhluta.

4. grein - Ábyrgð og upplýsingagjöf

Kjörnum fulltrúum ber að starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum og vera tilbúnir að rökstyðja ákvarðanir sínar og tilgreina þá þætti sem ákvarðanir þeirra eru byggðar á. Þeir skulu bera ábyrgð gagnvart bæjarbúum og svara fyrirspurnum almennings og fjölmiðla um framkvæmd þeirra starfa sem þeir bera ábyrgð á sem kjörnir fulltrúar. Þeim ber ekki að veita neinar trúnaðarupplýsingar eða upplýsingar er varða einkalíf annarra kjörinna fulltrúa, starfsmanna eða þriðja aðila.

5. grein – Háttvísi, virðing og valdmörk

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar koma fram af háttvísi, gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Fjarðabyggðar. Þeim ber að virða ákvörðunarvald, réttindi og hlutverk annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins. Þeir mega ekki hvetja eða aðstoða kjörinn fulltrúa eða starfsmann Fjarðabyggðar við að brjóta þær meginreglur sem hér eru settar fram. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörnum fulltrúa á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum honum eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum. Kjörnir fulltrúar skulu einnig gæta þess að nýta sér ekki óopinberar upplýsingar



til að hagnast á þeim persónulega eða hjálpa öðrum til þess. Kjörnir fulltrúar skulu leggja sig fram við að skapa heilbrigt starfsumhverfi þar sem hvers konar kynferðislegri eða kynbundinni áreitni, einelti, ógnandi eða annarri vanvirðandi framkomu er hafnað. Þeir skulu sýna hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum og starfsmönnum sveitarfélagsins fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.

6. grein - Gjafir og fríðindi

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum aldrei falast eftir eða þiggja gjafir, hluti eða önnur hlunnindi, frá viðskiptamönnum eða þeim, sem leita eftir þjónustu Fjarðabyggðar, sem fela í sér fjárhagsleg verðmæti eða persónulegan ávinning. Boðsferðir af öllu tagi skulu lagðar fyrir bæjarráð til umfjöllunar og samþykktar með rökstuðningi.

7. grein - Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og ber að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum. Þegar kjörinn fulltrúi á óbeinna eða beinna persónulegra hagsmuna að gæta í máli sem er til umfjöllunar hjá sveitarfélaginu skal hann gera grein fyrir þessum hagsmunum áður en umræður fara fram og atkvæði eru greidd ef vafi getur leikið á um hæfi hans. Kjörnum fulltrúum sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum félögum, sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við bæjarfélagið, ber að upplýsa um slíkt. Fjármálasvið heldur skrá, og birtir á heimsíðu Fjarðabyggðar um fjárhagslega hagsmuni bæjarfulltrúa svo og trúnaðarstörf þeirra utan bæjarstjórnar í samræmi við reglur þar um.

8. grein - Ábyrgð í fjármálum

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé íbúa Fjarðabyggðar. Við störf sín skulu þeir ekki aðhafast neitt sem felur í sér misnotkun á almannafé, s.s einkanotkun á byggingum bæjarins, bílum, tækjum eða verkfærum, nema slík notkun falli undir heimildir sem ákveðnar eru af bæjarstjórn. Kjörnir fulltrúar skulu virða stjórnsýslueftirlit og stjórnsýsluúttektir, sem framkvæmdar eru af endurskoðendum bæjarins og öðrum til þess völdum aðilum, og leggja sitt af mörkum til þess að markmið þess náist.

9. grein – Stöðuveitingar

Kjörnum fulltrúum ber að tryggja að störf eða stöðuveitingar byggist á hæfi einstaklingsins eingöngu og að hæfasti einstaklingurinn sé ávallt valinn í viðkomandi starf. Þá skulu þeir gæta þess að við stöðuveitingar hjá Fjarðabyggð sé lögum og reglum fylgt í hvívetna. Kjörnir fulltrúar skulu í starfi sínu ekki gera neitt sem veitir þeim starfslegan ávinning á meðan þeir sitja sem kjörnir fulltrúar eða eftir að þeir hafa látið af störfum.

10. grein - Miðlun

Kjörnum fulltrúum ber að tileinka sér þessar siðareglur, lýsa því yfir að þeir séu reiðubúnir til að hafa þessar siðareglur að leiðarljósi og staðfesti þann vilja með undirskrift sinni í upphafi



hvers kjörtímabils. Framboðum sem bjóða fram til bæjarstjórnar í Fjarðabyggð skulu kynntar siðareglur þessar og endurskoðun þeirra skv. 15.gr. og upplýsi ávallt væntanlega frambjóðendur sína um þær. Siðareglur skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningi og fjölmiðlum, til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir þeim.

11. grein - Gildistaka og endurskoðun

Reglur þessar taka gildi með samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar og skulu ávallt endurskoðaðar fyrir lok árs á fyrsta starfsári nýkjörinnar bæjarstjórnar.

Fjarðabyggðar 16. nóvember 2018


Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri



Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 14. nóvember 2018

